

Leiðsögn – stéttarfélag leiðsögumanna

Fundur trúnaðarráðs mánudaginn 6. febrúar 2023, kl. 20.00

Staður: Skrifstofa félagsins, Stórhöfða 29 + fjarfundur

Mættir: Friðrik Rafnsson (FR), Snorri Steinn Sigurðsson (SSS), Harpa Björnsdóttir (HB), Leifur Björnsson (LB), Hallfríður Þórarinsdóttir (HÞ), Pétur Gunnarsson (PG), Guðný Margrét Emilsdóttir (GME), Birna Imsland (BI), Hildur Bjarnason (HBj), Kári Jónasson (KJ), Óskar Kristjánsson (ÓK), Sigurður Albert Ármannsson (SAÁ)

Úr viðuræðunefnd: Dóra Magnúsdóttir (DM), Halldór Kolbeinsson (HK), Stefán Andrésen (SA),

Á fjarfundi: Valva Árnadóttir (VÁ)

Boðuð forföll: Indriði H. Þorláksson (IHÞ), Áslaug J. Marinósdóttir (ÁJM)

Fjarverandi: Gunnsteinn Ólafsson (GÓ), J. Birna Halldórsdóttir (JBH), Ellert Sigurðsson (ES), Bergsteinn Harðarson (BH), Guðni Gunnarsson (GG), Sigurður Magnússon (SM).

Á dagskrá:

Nýundirritaður kjarasamningur milli viðuræðunefndar Leiðsagnar og SA/SAF lagður fyrir trúnaðarráð til umræðu, umsagnar og atkvæðis.

Ath! Indriði H. Þorláksson (IHÞ) og Áslaug J. Marinósdóttir (ÁJM) eru aðalmenn í trúnaðarráði en komast ekki á fundinn. En þau hafa haft samband í tölvupósti og segjast eftir að hafa kynnt sér kjarasamninginn gaumgæfilega vera honum samþykkt og greiða þau bæði atkvæði sitt með því að hann verði samþykktur af trúnaðarráði.

Fundur settur	Formaður býður alla velkomna og leggur til að fundarmenn kynni sig stuttlega áður en fundur hefst. Dagskrárefni er aðeins eitt, kjarasamningur sem viðuræðunefnd Leiðsagnar gerði við SAF/SA og undirritaður var fimmtud. 2.2.2023. Fundargögnum, ljósriti af samningnum, er dreift meðal fundarmanna. Þau mistök voru gerð hjá SA að birta samninginn föstudaginn 3.2. á heimasíðu þeirra, strax að lokinni undirritun með viðuræðunefnd Leiðsagnar, en áður en trúnaðarráð Leiðsagnar og félagsmenn voru búnir að fjalla um hann og samþykkja. Þó er fyrirvari í samningnum um að hann mætti fyrst birta opinberlega miðvikudaginn 15. febrúar að afloknu þessu ferli. Hefur Leiðsögn mótmælt þessari bráðlátu birtingu og SA beðist afsökunar í kjölfarið, en þetta frumhlaup SA var vægast sagt mjög óheppilegt, skýlaust brot á samkomulaginu og rýrir traust í þeirra garð. Vonandi mun þetta þó ekki hafa neikvæð áhrif á afgreiðslu samningsins hjá trúnaðarráði og félagsmönnum núna, eða í komandi viðuræðum við SA á árinu.	U	Friðrik Snorri
Undirbúningur, kröfugerð og viðuræður	Samningurinn sem hér er til umfjöllunar er svokallaður „brúarsamningur“ og er á svipuðum nótum og önnur stéttarfélög hafa gert undanfarið.	U	Friðrik Snorri

	<p>Viðræðunefnd Leiðsagnar lagði upp með nokkuð ítarlega endurskoðun á gildandi samningi og virtist það koma mótaðilunum á óvart hversu vel undirbúin viðræðunefndin var og kröfugerðin vel undirbyggð.</p> <p>Þó var lítil vilji hjá samninganefnd mótaðilans til að ræða annað en launaliðinn að þessu sinni, og varð SA ekki haggð í þeim efnum, en viðræðunefnd Leiðsagnar taldi sig skynja meiri vilja hjá SAF til að finna lausnir.</p> <p>Viðræðunefndin er því bjartsýn á að kröfugerðin verði skoðuð á jákvæðan hátt á næstu mánuðum þegar farið verður í frekari samningaviðræður um lengri samning.</p> <p>Snorri Steinn, varaformaður og formaður Kjaranefndar, skýrði út einstök ákvæði samningsins. Eitt af höfuðmarkmiðum viðræðunefndarinnar var sérstök áhersla á að starfsreynsla og menntun yrði metið til hærri launa en verið hefur og óskuðu eftir 5 ára þrepi og 10 ára þrepi vegna starfsreynslu í efri launaflokkunum. Fékkst 5 ára þrepið í gegn eftir dálítið þóf en SA tók 10. árið ekki í mál. Er þetta ásættanleg niðurstaða að mati viðræðunefndar, þó að sjálfsgöðu hefðu menn viljað sjá meiri árangur. Það er ljóst að leiðsögumenn hafa dregist aftur úr í launum síðasta áratuginn og þurfa launaleiðréttingu, en ekki var hægt að fá umræðu um það upp á borðið að þessu sinni. Leiðsögn telur það mikið sanngirnismál að halda í við aðrar stéttir og er nauðsynlegt að gera ítarlega könnun á launaþróun innan stéttarinnar áður en farið er í næstu samningalotu.</p>		
Hækkunir	<p>Hækkun í launaflokkum er á bilinu 8,3 – 11,9% og er hækkunin mest í efstu þrepunum í 3. og 4. flokki þar sem miðað er við 3ja ára og 5 ára starfsreynslu. Í krónutölu er minnsta hækkunin 35.000 kr en sú mesta 53.075 kr.</p> <p>Snorri hefur útbúið launatöflu svo auðveldara sé að átta sig á hækkunum og sýnir fundarmönnum til glöggvunar.</p> <p>Desemberuppbót miðað við fullt starf hækkar úr 98.000 kr í 103.000 kr. Orlofsuppbót miðað við fullt starf hækkar úr 53.000 kr í 56.000 kr. Ef orlofs- og desemberuppbót er gerð upp eftir hverja ferð (fyrir ferða- og lausráðna) þá hækka uppbæturnar úr 88 kr á klst í 95 kr á hverja unna dagvinnustund á samningstímanum. Viðræðunefndin reyndi að fá þessu orðalagi breytt þannig að um væri að ræða bæði dagvinnu og yfirvinnu en það náðist ekki í gegn.</p> <p>Hagvaxtaraukinn 2023 er tekinn inn í taxtahækkunir.</p>	U	Snorri
Kosning	<p>Eftir góðar útskýringar og ýmsar spurningar sem hafa vaknað, er gengið til kosninga um kjarasamninginn. Atkvæðisrétt hafa aðalmenn í stjórn Leiðsagnar og trúnaðarráði. Er samningurinn samþykktur einróma.</p>	Á	
Næstu skref	<p>Halda þarf félagsfund á næstu dögum til að kynna kjarasamninginn fyrir félagsmönnum. Snorri stingur upp á að hann verði boðaður miðvikudaginn 8. 2. og verði fyrst á ensku og síðan á íslensku. Er það samþykkt og verður félagsfundur boðaður strax í kvöld. Eftir kynningarfundina fer fram rafræn og leynileg kosning sem klárast á miðnætti sunnudagsins 12.2. Liggja þá úrslit fyrir mánudaginn 13.2.</p> <p>Atkvæðisrétt hafa þeir sem hafa greitt iðgjöld af tekjum sínum til félagsins skv. 9. gr. laga Leiðsagnar þar sem segir:</p>	U	Snorri

		<p>„Þeir einir hafa atkvæðisrétt sem þann dag [kjördag] höfðu að lágmarki greitt félagsgjald af launum sem svarar til lægsta taxta félagsins fyrir tveggja mánaða dagvinnu á síðustu fjórum mánuðum fyrir þann dag eða fjögurra mánaða dagvinnu á síðustu 12 mánuðum fyrir þann dag.“</p> <p>Þeir sem greiða aðildargjald eingöngu hafa ekki atkvæðisrétt um kjarasamninga. Skv. reglum þessum þá hafa alls 307 félagsmenn atkvæðisrétt um samninginn.</p> <p>Klára þarf launatöflugerðina fljótlega, reiknað fram í öllum atriðum, og setja hana síðan á heimasíðuna.</p>		
	Verkátun	<p>Í lok kjarasamningsins er kveðið á um verkátun samninganefnda Leiðsagnar og SAF á árinu. Þar á að vinna að endurskoðun fyrri samnings og skýra ýmis atriði hans. Óskað verður eftir samstarfi við stjórnvöld um að uppræta ólöglega starfshætti í greininni. Unnið skal að því að efla gæði, fagmennsku og samkeppnishæfi ferðaþjónustunnar og skal m.a. rýna í starfsvettvang og starfskjör leiðsögumanna í þeim tilgangi. Ræða þarf verktökuna, dagvinnutímamann, veikindarétt, ráðningasambandið, stöðlun samninga og margt fleira. Áhersla mun áfram verða á launaleiðréttingu.</p> <p>Margt í þessari verkátun krefst mikillar vinnu af hendi Leiðsagnar og SAF, og hefst hún vonandi fljótlega.</p>	U	Snorri Friðrik
	Önnur mál	<p>Viðræðunefnd er þakkað afar gott starf. Vonast er til að aðilar hennar haldi áfram og leiði næsta samning til lykta.</p> <p>Rætt um möguleikann á að fara í verkfall. Enginn verkfallsjóður er til hjá félaginu. Hvernig aðgerðir myndu virka til að vekja athygli á kröfum okkar?</p> <p>Rætt um að félagið setji fram ráðgefandi eða leiðbeinandi dæmi um verktöku á heimasíðuna, líkt og sum önnur hagsmunasamtök gera. Margir ökuleiðsögumenn vinna sjálfstætt í verktöku og er mjög misjafnt hvernig það er launað. Dæmi nefnd um gróf undirboð og þá helst gagnvart erlendum starfsmönnum, Íslendingar þekkja betur rétt sinn. Erlent vinnuafli er nauðsynlegt í okkar geira og Leiðsögn á að vera árvökult gagnvart brotum gegn þeim, á endanum snertir það okkur öll og hefur áhrif á kjörin.</p> <p>Ítrekað að við látum í okkur heyra á árinu, við erum ósátt við að vera láglaunastétt og hafa dregist aftur úr öðrum stéttum. Ferðaþjónustan er orðin stærsta atvinnugrein landsins og þar ætti að vera svigrúm. Við þurfum að fara í leiðréttingarsamræður við samningsaðila okkar og þurfum að afla okkur tölfræðilegra gagna til að undirbyggja kröfur.</p>	U	

Fundi slitið 21:30

Fundargerð staðfest:

Friðrik Rafnsson, formaður

Harpa Björnsdóttir, ritari